

Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 117/98**  
**frá 18. desember 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/98 frá 4. júlí 1998<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/346/EB frá 20. maí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að grunntengingu við samevrópska ISDN-samnetið<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/347/EB frá 20. maí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að frumtengingu við samevrópska ISDN-samnetið<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/346/EB fellir úr gildi frá 21. maí 1998 ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/797/EB um sameiginlega tækniforskrift að grunntengingu við samevrópska stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN) sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/347/EB fellir úr gildi frá 21. maí 1998 ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/796/EB um sameiginlega tækniforskrift að frumtengingu við samevrópska stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN) sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 100, 15.4.1999, bls. 50 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 16, 15.4.1999, bls. 96.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 148, 6.6.1997, bls. 19.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 148, 6.6.1997, bls. 24.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 4zd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/525/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4ze. **397 D 0346:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/346/EB frá 20. maí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að grunntengingu við samevrópska ISDN-samnetið (Stjtið. EB L 148, 6.6.1997, bls. 19).

4zf. **397 D 0347:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/347/EB frá 20. maí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að frumtengingu við samevrópska ISDN-samnetið (Stjtið. EB L 148, 6.6.1997, bls. 24).“

### 2. gr.

Texti liðar 4f (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/796/EB) og liðar 4g (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/797/EB) í XVIII. kafla í II. viðauka falli niður.

### 3. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 97/346/EB og 97/347/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

### 4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 19. desember 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 18. desember 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner